

TILLÖGUDRÖG



FRAMDALURINN Í SKORRADAL

Tillaga að verndarsvæði í byggð – *Drög til kynningar*

Nóvember 2018

A1189-006-U01



aðila

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1		
1 Tillaga um verndarsvæði í byggð	2		
1.1 Afmörkun Verndarsvæðisins	3		
1.2 Samhengi við skipulag	4		
1.3 Rökstuðningur	5		
1.4 Kynning og samráð	6		
1.5 Skilmálar um vernd og uppbyggingu	7		
2 Lýsing á byggðinni	8		
2.1 Landfræðileg lega	8		
2.2 Landslag	9		
2.2.1 Sjónásar, kennileiti og ásýnd byggðar	10		
2.3 Náttúrulegt og menningarsögulegt samhengi	12		
2.3.1 Saga búskapar	12		
2.3.2 Frístundabyggð og skógrækt	16		
2.3.3 Náttúrufar	18		
2.3.4 Samgöngur og fornar þjóðleiðir	20		
2.4 Minjar á heimatúnum	23		
2.4.1 Háafell	24		
2.4.2 Vatnshorn	25		
2.4.3 Fitjar	26		
2.4.4 Bakkakot	27		
2.4.5 Sarpur	28		
2.4.6 Efstibær	29		
3 Greining á svipmóti byggðar	30		
3.1 Svipmót landslags	30		
3.2 Svipmót bygginga	32		
3.2.1 Timburhús frá því fyrir 1900	32		
3.2.2 Íbúðarhús með staðbundin einkenni	32		
3.2.3 Steinsteypuhús frá stríðsárunum	32		
4 Mat á varðveislugildi	33		
4.1.1 Byggingarlist, listrænt gildi	33		
4.1.2 Menningarsögulegt gildi	35		
4.1.3 Umhverfisgildi	36		
4.1.4 Upprunalegt gildi	36		
4.1.5 Ástand	37		
4.1.6 Niðurstöður mats á varðveislugildi	37		
4.2 Verndarflokkar innan verndarsvæðis í byggð	39		
5 Skilmálar um verndun og uppbyggingu	45		
5.1 Áherslur við mótun stefnu	45		
5.2 FRAMTÍÐARSÝN	46		
5.3 Markmið um heimatún, byggingar og minjar	46		
5.5 Markmið um ferðaleiðir og útivist	47		
Heimildir	48		

INNGANGUR

Framdalurinn, sem er innsti hluti Skorradals, er falin perla úr alfaraleið þar sem varðveist hefur menningarlandslag sem víðast hvar er horfið sjónum.

Framdalurinn býr yfir langri sögu mannvistar og búskapar í gegnum aldirnar og þar hafa fundist fjöldi fornminja. Þessa sögu má lesa úr svipmóti staðarins, heimatúnnum bæjanna og samhengi þeirra við umhverfið sem birtist m.a. í fornum þjóðleiðum sem tengja Framdalinn við umheiminn.

Í dalnum standa enn bæjarhús frá fyrri hluta 20. aldar sem eru góð dæmi fyrir þá kynslóð húsagerðar í sveitum sem reis á eftir torfbæjunum. Kotin og heimatúnin í Framdalnum eru dæmigerð fyrir búskapar- og hóbýlahætti til sveita á þeim tíma og mynda ákveðna heild, með Fitjakirkju sem miðju. Þessi heild er umkringd fallegu umhverfi þar sem skógur og skógrækt hafa einnig mótað landið í gegnum tíðina auk sumarhúsabygðarinnar sem einkennir Skorradalinn í dag.

Víða erlendis eru dæmi um hús og svæði sem hafa mikið aðdráttarafl vegna staðarandans og eru eftirsótt sem dvalarstaðir, sér í lagi ef vandað er til endurgerðarinnar og umhverfið er hlýlegt og býður upp á affþreyingarmöguleika, eins og Framdalurinn getur boðið. Í Framdalnum er tækifæri til að gera þessari sögu skil með varðveislu húsa og miðlun um þróun bygginga og byggðar í sveitum.

Með því að gera heimatúnin í Framdalnum að Verndarsvæði í byggð er mótuð stefna og skilmálar um verndun staðarins til framtíðar svo að dýrmætar minjar tapist ekki.

Jafnframt gefur verndunin staðnum aukið vægi sem einstakur útivistarstaður í friðsælli náttúru þar sem sögunni er miðlað til komandi kynslóða.



Mynd 1. Horft niður eftir dalnum frá bæjarstæði Sarps

1 TILLAGA UM VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Það er mat Skorradalshrepps, sbr. fundargerð sveitarstjórnar dags. 13. júlí 2016, að byggðarheild Framdalsins og búsetulandslag hans hafi það mikið menningarsögulegt gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að Framdalurinn verði gerður að verndarsvæði í byggð skv. lögum nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016.

Í lögunum er „verndarsvæði í byggð“ skilgreint sem „[a]fmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra á grundvelli laga þessara.“ Með því vill Skorradalshreppur vernda svipmót búsetulandslags Framdalsins auk þess að endurvefja fornar þjóðleiðir á svæðinu.

Tillaga þessi er unnin út frá leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um verndarsvæði í byggð.



Mynd 2. Gamlar dráttarvélar í heimatúni Fitja


1.1 AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐISINS

„Framdalurinn“ eða fram-Skorradalur er forn málvenja yfir fremsta (innsta) hluta Skorradals, sem landfræðilega tilheyrir sókn Fitjakirkju. Framdalurinn er austasti hluti Skorradalsvatn auk dalsins þar fyrir innan. Ákveðið var að afmarka verndarsvæðið við heimatún bæja innst í dalnum þar sem svipmót landbúnaðarlandslags fyrri tíma hefur varðveist, minjar eru þéttar og gamlar þjóðleiðir liggja um.

Verndarsvæðið afmarkast því við heimatún bæjanna Háafells, Fitja, Sarps, Efstabæjar, Bakkakots og Vatnshorns. Einnig nær verndin til gömlu þjóðleiðanna þriggja sem liggja frá Fitjakirkju um lönd fyrrgreindra bæja og allt að sveitarfélagamörkum. Þannig afmarkast verndarsvæðið af heimatúnnum bæjanna og leiðunum sem fólk notaði í sveitasamfélagi fyrri tíma, sjá mynd 3.

Sarpur og Bakkakot eru ríkisjarðir auk þess sem ríkið á helming í Efstabæ og mestan hluta Vatnshorns á móti Skorradalshreppi, en jarðirnar Háafell, og Fitjar eru í einkaeigu sem og helmingur Efstabæjar. Búið er á Fitjum mikinn hluta ársins og þar eru sumarbústaðir á leigulóðum en aðrar jarðir teljast í eyði. Í landi Fitja, utan verndarsvæðis, er frístundabyggðarsvæði með bústöðum á ýmsum aldri.

Mögulegt er að afmörkun verndarsvæðisins muni stækka í framtíðinni og taka til fleiri heimatúna í Framdalnum. Einnig gæti stærra samfelld svæði verið tekið undir verndunarákvæði.



Mynd 3. Afmörkun verndarsvæðisins og stefnur helstu þjóðleiða


1.2 SAMHENGI VIÐ SKIPULAG

Í aðalskipulagi Skorradalshrepps er meginhluti svæðisins skilgreindur sem landbúnaðarsvæði. Svæðið er nærri Vatnshornsskógi, sem er friðland og stór hluti landsvæðis sunnan vatns og fyrir botni dalsins nýtur hverfisverndar vegna lífríkis og menningarsögu. Þar eru auk þess eftirfarandi staðir verndaðir með hverfisvernd:

- „Íbúðarhús úr timbri frá 1930 á Háafelli og umhverfi þess. Hús og bæjarhóll hefur fagurfræðilegt gildi. Varðveisla heildarmyndar; hús og nánasta umhverfi.
- Rúst af baðlaug Guðmundar bónda í landi Háafells. Varðveisla menningarsögu frá 19. öld. Mælt með söguskilti við veginn.
- Steypt íbúðarhús frá 1931 í Bakkakoti. Eitt örfárna húsa sinnar tegundar, teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni, sem enn standa. Mælt með endurgerð og varðveislu ytra útlits.
- Steypt hús í Sarpi. Hús og bæjarhóll hefur menningarsögulegt gildi. Varðveisla heildarmyndar þarf að athuga.
- Bakkakotsrétt í landi Bakkakots. Hlaðin fjárrétt Fram-Skorrdælinga, nú aflögð sem skilarétt. Óheimilt er að taka grjót úr réttinni.
- Steypt íbúðarhús frá 1937 í Vatnshorni og umhverfi þess. Hús og bæjarhóll hefur menningarsögulegt gildi. Varðveisla heildarmyndar, húss og nánasta umhverfis (hluti hverfisverndarsvæðis).“¹

Verndarsjónarmið eru því ráðandi á svæðinu. Þar er einnig merk skógrækt á kafla og í landi Fitja er frístundabyggðarsvæði með bústöðum á ýmsum aldri.

¹ Skorradalshreppur, 2012, bls. 101



Mynd 4. Landnotkun samkvæmt aðalskipulagi

1.3 RÖKSTUÐNINGUR

Uppruni tillögunnar er áhugi og frumkvæði fólksins í Framdalnum á því að styrkja svæðið sitt og varðveita söguna sem lesa má úr landinu. Tillaga þessi er jafnframt grundvölluð á niðurstöðum fornleifaskráningar frá 2012 og 2017² og húsakönnun sem unnin var 2018³.

Á svæðinu eru frábær fordæmi um gömul hús sem hefur verið viðhaldið af natni og hugvitsemi og gefið nýtt líf í nútímasamhengi. Gott dæmi er á Fitjum þar sem Fitjakirkju er vel við haldið en einnig gömul útihús sem hafa fengið nýtt hlutverk í tengslum við ferðaþjónustu. Jafnframt eru á svæðinu mikið af minjum sem vert er að vernda og áhugaverð gömul hús sem þarfnast nauðsynlega viðhalds svo að þau glattist ekki. Heimátúnin og þjóðleiðirnar mynda heild sem ber vitni um bændasamfélag fyrri tíma. Þetta sögulega svipmót byggðarinnar öðlast nýtt gildi í nútímanum sem staður fyrir útivist og fræðslu þar sem sagan er áþreifanleg allt um kring.

Helstu rök fyrir því að skilgreina heimátúnin og þjóðleiðirnar í Framdalanum sem verndarsvæði í byggð eru eftirfarandi:

- Á heimátúnunum er að finna minjar um bændasamfélag fyrri tíma sem varðveist hafa óvenju vel.
- Húsaarfurinn á svæðinu sýnir áhugaverða þróun í sögu húsagerðar til sveita á fyrri hluta 20 aldar.
- Merkar þjóðleiðir mætast í Framdalnum sem segja samgöngusögu sveita fyrir bílvæðingu og hafa mikið gildi sem gönguleiðir til útivistar.

- Framdalurinn sem heild geymir einnig merkilega sögu skógræktar og frístundabyggðar á Íslandi.
- Allt umhverfið í Framdalnum hefur mikið fræðslu- og útivistargildi þar sem hann er allt í senn afskekktur og kyrrlátur, en um leið nærri þéttbýlasta svæði landsins.

Sérstaða Framdalsins felst meðal annars í því að hann getur orðið nokkurs konar kennslustofa um þróun byggðar og búskaparhátta, um leið og hann er kyrrlátur áfangastaður til útiveru.

² Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012.

³ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018.

1.4 KYNNING OG SAMRÁÐ

Í lögnum og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 er kveðið á um að gera skuli grein fyrir því samráði sem hefur verið haft við íbúa við gerð tillögu að verndarsvæði. Í samræmi við lög og reglugerð var lögð áhersla á samráð við hagsmunaaðila í mótun tillögu að verndarsvæði.

Til að vinna að tillögugerðinni fékk sveitarfélagið ráðgjafarfyrtækið Alta sér til aðstoðar.

Verndartillagan var unnin í samstarfi við íbúa svæðisins, Fornleifastofnun Íslands og Skógrækt ríkisins með sérstökum fundum. Haldinn samráðsfundur með hagsmunaaðilum á svæðinu á Hvanneyri 22. nóvember 2018 þar sem leitað var sjónarmiða vegna mótunar tillögunnar.

Tillögudrög voru birt á vef sveitarfélagsins og hún send umsagnaraðilum til rýni og þeim gefnar tvær vikur til að senda inn athugasemdir og ábendingar.

Umsagnaraðilar við tillöguna eru eftirfarandi:

- Forsætisráðuneytið
- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Framdalsfélagið
- Náttúrustofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Íbúar og landeigendur innan þess svæðis sem lagt er til að vernda

Gert er ráð fyrir að ferlið í framhaldinu verði eftirfarandi: Tillaga að verndarsvæði í byggð verði lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar. Tillagan verður auglýst á áberandi hátt og hún gerð aðgengileg á netinu og mun jafnframt liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins. Auglýsingatími verður að lágmarki sex vikur.

Að auglýsingatíma loknum tekur sveitarstjórn tillöguna til umræðu að nýju og tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa og hvort þær gefi tilefni til að gera breytingar á tillögu.

Tillaga er svo send ráðherra til staðfestingar og leitar hann umsagnar Minjastofnunar Íslands um samþykki hennar. Tillaga öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Málsmeðferð er í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 80/2012 og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016.

1.5 SKILMÁLAR UM VERND OG UPPBYGGINGU

Verndaráætlunin festir í sessi framtíðarsýn þar sem mörkuð er stefna og skilmálar um hvernig sérkennum svæðisins sé viðhaldið um leið og það þróist sem lifandi samfélag með bættri aðstöðu til fræðslu og útivistar.

Sett er fram eitt meginmarkmið sem lýsir framtíðarsýn fyrir uppbyggingu og vernd á verndarsvæðinu. Þar undir eru skilgreind tvö markmið sem snúa annars vegar að heimatúnum, byggingum og fornminjum og hins vegar markmið um ferðaleiðir og útivist. Fyrir markmiðin eru lagðar til leiðir sem geta verið áherslur til að fylgja eftir markmiði eða aðgerðir og/eða verkefni sem stuðla að framfylgd stefnunnar.



Mynd 5. Hér er horft upp yfir Fitjá að bæjarstæði Sarps þar sést glitta í íbúðarhúsið.

Lögd er áhersla á að svæðið sé áfram kyrrlátt afdrep en jafnframt lifandi samfélag í einstöku umhverfi. Lykilatriði er að saga svæðisins, svipmót þess og minjar hverfi ekki eða tapist.

Framtíðarsýn: Heimatúnin og þær fornu þjóðleiðir sem tengja þau saman verði kennslustofa um þróun byggðar og búskaparahátta, en um leið kyrrlátur áfangastaður fyrir útiveru.

Markmið um heimatún, byggingar og fornminjar: Vernda heimatún bæjarstæðanna og minjar sem bera vitnisburð um byggðasöguna á svæðinu. Vandað verði til viðhalds á húsum og minjum út frá varðveislugildi og hugað að því að viðhalda svipmótinu sem einkennir byggðina. Stuðlað verði að því að svæðið þróist sem lifandi svæði og einstakt svæði til fræðslu og útivistar.


Markmið um ferðaleiðir og útivist: Svæðið þróist áfram sem áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn sem vilja njóta kyrrðar og útivistar með hæfum ferðamáta. Stuðla að því að uppbygging ferðapjónustu, byggt á sögunni og sérstöðu verndarsvæðisins, styrki ennfrekar svipmót staðarins.

2 LÝSING Á BYGGÐINNI

Í þessum kafla er verndarsvæðinu lýst. Farið er yfir þá þætti sem skapa svipmót staðarins út frá landfræðilegri legu, landslagi, sögu og þróun byggðarinnar og loks minjum um fyrri tíð á heimatúnum og þjóðleiðum.

2.1 LANDFRÆÐILEG LEGA


Skorradalur er syðstur þeirra Borgarfjarðardala, sem ganga upp frá undirlendi Borgarfjarðar og liggur hann að Skarðsheiði. Norðan Skorradals er Lundarreykjadalur og liggja hreppamörkin við Borgarfjarðarsveit eftir vatnaskilum á hálsinum sem er á milli dalanna. Að sunnan deilir hreppurinn merkjum með Hvalfjarðarstrandarhreppi og Leirár- og Melahreppi. Liggja merkin um Botnsheiði, Dragfell og Skarðsheiði að sunnan og að suðvestan ná merkin yfir í Brekkufjall. Þaðan í Andakílsá og úr henni upp á hálsinn ofan Hestfjalls.



Mynd 6. Myndin sýnir staðsetningu svæðisins á landinu

2.2 LANDSLAG

Framdalur Skorradals er austasti (innsti hluti) Skorradals. Dalurinn er 25 km langur og frekar þröngur. Í miðjum dalnum liggur Skorradalsvatn í um 70 metra hæð yfir sjávarmáli, rúmlega 16 km langt og 14,7 km². Skorradalsvatn þekur dalsbotninn að miklu leyti, hlíðarnar ganga í vatn fram og undirlendi er því lítið ⁴.



Mynd 7. Verndarsvæðið er hluti af framdali Skorradals sem er í heild mun stærra svæði

Heimatún verndarsvæðisins eru í botni dalsins og afmarkast af Skorradalsvatni annarsvegar og fjöllum til suðurs og norður hinsvegar. Fitjaá hlykkjast niður dalinn

og setur svip á umhverfið austan vatnsins með fjölbreyttu landslagi og margs konar fossum og flúðum.



Mynd 8. Horft upp með Fitjá

Í dag er bæði skógrækt og náttúrulegur birkiskógur einkennandi fyrir Skorradal auk frístundabyggðar. Innst í dalnum er lítið um frístundabyggð, utan Fitjahlíðar og skógurinn er gisinn á sumum stöðum. Vegir á svæðinu eru malarvegir og aðgengi að svæðinu misjafnt eftir veðri og útbúnaði. Vegurinn liggur norðarmegin við vatnið og er helsta tenging svæðisins út fyrir Skorradal. Fjarlægð frá Borgarnesi eru tæpir 14 km en 85 km frá miðbæ Reykjavíkur.

⁴ Freysteinn Sigurðsson, 2004.

2.2.1 Sjónásar, kennileiti og ásýnd byggðar

Dalurinn er krappur og nokkuð hlykkjóttur, svo ekki sést út eftir honum nema frá völdum stöðum. Túnin halla ýmist til norðurs eða suðurs og eru afmörkuð á aðra hliðina af fjallahrygg. Útsýni af túnunum út eftir dalnum er því víða stórkostlegt og fjallasýn góð. Skógræktin hefur haft áhrif á sjónlínur og hefur útsýni víða minnkað eftir því sem skógurinn stækkar. Dæmi um þetta er á Sarpi þar sem fallegt útsýni af bæjarhlaði hefur skerst vegna skógræktar. En víða er útsýni gott af heimatúnunum og er einkar fallegt útsýni er frá Fitjum⁵.

Byggðin á gömlu bæjarstæðunum samanstendur af stökum húsum, leifum af eldri bæjarhólum og útihúsum á heimatúnunum þar sem búskapur var stundaður í áraráðir. Bæjartúnin hafa haldist nokkuð upprunaleg að formi, en sumsstaðar hefur trjám verið plantað í tún sem brýtur upp gamla landbúnaðarlandslagið. Íbúðarhúsin á heimatúnunum eru mikilvæg kennileiti á svæðinu.

Háafell stendur miðja vegu milli Stálpastaða og Fitja. Skóglaust er í kringum bæinn en annars er nærri samfelldur skógur alla leið milli þessarra bæja.

Húsabyrpingin á Fitjum er mikilvægt kennileiti og gott ástand húsanna og fallegt heimatúnið bera vitnisburð um þungamiðju bæjarstæðisins. Kirkjugarðinum er einnig vel við haldið og hafa afkomendur ýmissa, er þar hvíla, látið setja legsteina yfir þá. Fitjar var höfuðbýli í Skorradal og eini kirkjustaðurinn⁶.

Framdalurinn þrengist og gryn timer inn eftir og hefur skógræktin verið stunduð þar hin síðari ár. Norðan megin í Framdalnum eru heimatún Sarps og Efstabæjar og er eyðibýlið Sarpur mikilvægt kennileiti á heimatúninu.




Mynd 9. Horft upp að heimatúni Sarps þar sem skógrækt hefur verið nokkur

Vatnshorn stendur á stalli úti undir vatnsendann og er áberandi kennileiti við vatnsendann þegar komið er inn í dalinn. Enginn skógur er á heimatúninu, en friðlýstur birkiskógur, Vatnshornsskógur, er umfangsmikill og fallegur í Vatnshornshlíðinni.

Skógurinn í Framdalnum er stór hluti af einkennum svæðisins og hefur verið hluti af byggðinni frá landnámi. Þau afmörkuðu rými sem skógurinn skapar eru því stór hluti af því að móta ásýnd byggðarinnar og skógurinn rammar víða inn heimatúnin og skapar þeim fallega umgjörð.

⁵ Freysteinn Sigurðson, 2004

⁶ Freysteinn Sigurðson, 2004



Mynd 10. Helstu örnefni má sjá hér á svokölluðu Atlas korti

2.3 NÁTTÚRULEGT OG MENNINGARSÖGULEGT SAMHENG

Hér verður fjallað um þá náttúrulegu og sögulegu þætti sem haft hafa áhrif á svipmót Framdalsins í gegnum tíðina og samspil þeirra.

2.3.1 Saga búskapar

Byggðin í Framdalnum á sér fornar rætur og hefur svæðið í öndverðu líklegast byggst upp frá óshólmum Fitjar þar sem undirlendi og engjar eru mestar. Meirihluti Skorradals hefur verið skógi vaxinn við landnám og líklega hefur skógur meðfram vatninu ekki verið ruddur fyrr en seinna. Talið er að Framdalurinn hafi verið fullnuminn á 10. öld og búseta haldist nokkuð stöðug gegnum aldirnar fram til seinni hluta síðustu aldar⁷.

Skorri, leysingi Ketils gufu, sem nam land fyrir innan Skorradalsvatn hefur að öllum líkindum átt bæ á þessu svæði, á sömu slóðum og Vatnshorn sem talið er að byggist fyrst í dalnum. Vatnshorn kemur einnig fram í Laxdælu, sem bendir til mikilvægi bæjarins á þeim tíma. Líklega hefur upphaflega tilheyrt jörðinni allt svæðið sem Fitjar, Sarpur, Bakkakort og Efstabær byggist síðar úr og kann að hafa verið enn stærra. Líklega byggjast Fitjar fljótlega þar á eftir og þar var snemma komin kirkja. Í máldaga Fitjakirkju frá 1358 kemur fram að sjö bæir greiði til kirkjunnar og í Garðabók svokallaðri frá 1599 koma allir bæirnir fyrir, utan Bakkakots sem byggist ekki fyrr en á seinni hluta 17. aldar. Hjáleigubýggð var lítil á svæðinu, en heimildir

eru um tvö býli sem byggjast upp á 17. öld og eitt á 19. öld sem leggjast fljótlega aftur í eyði⁸.

Undirlendi hefur víða verið takmarkað á jörðunum en á móti kom að aðgengi að skóglendi var gott, mótekja ágæt og víða einnig hægt að stunda fiskveiðar. Túnin hafa verið misstór en samkvæmt túnakortum frá 1918 hafa stærstu túnin verið á Fitjum, Vatnshorni og Efstabæ. Þá hefur líka töluverður fjöldi húsa staðið á túnunum, flest úr torfi og grjóti og blönduðu efni. Þróunin á næstu áratugum var svo sú að húsunum á túnunum fækkaði og stærri hús komu í stað fleiri minni kofa. Eftir að jarðirnar fóru í eyði hefur húsum fækkað enn meira, efni úr sumum var endurnýtt og sum hrundu, fuku eða voru tekin niður af öryggisástæðum⁹.



Mynd 11. Húsabyrping að Fitjum frá fyrri tíð (ártal óvíst), mynd af vef Framdalsfélagsins

⁷ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

⁸ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

⁹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018.

Fitjakirkja sem nú stendur var vígð 1898, en timburkirkjur fara almennt að leysa torfkirkjur af hólmi eftir 1830 þegar „timburkirkjuöld“ hefst.¹⁰ Fitjakirkja er meðal örfárra bændakirkna frá þessum tíma sem enn eru til í landinu og er gott dæmi um fábreyttar sveitakirkjur¹¹.



Mynd 12. Fitjakirkja er enn í notkun og henni er vel við haldið

¹⁰ Hörður Ágústsson, 2000

¹¹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018.

Kirkjan, sem var útkirkja frá Lundi í Lundarreykjadal, var endurgerð á árunum 1988–1994. Í sveitasamfélagi fyrra alda hefur kirkjan vafalaust gengt mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Hún var helguð heilögum Nikulási frá Bár í kaþólskum sið, sem var verndardýrlingur sæfara og talinn góður hálendisförum, en nálægð við fjallvegi gæti verið ástæða þess¹². Einn merkasti kirkjugripur þjóðarinnar er kaleikur úr Fitjakirkju, talinn frá 11. eða 12. öld. Hann er varðveittur í Þjóðminjasafninu en endurgerð hans er í Fitjakirkju. Bikarinn er einkennistákn svæðisins.

Öll íbúðarhúsin innan heimatúnanna sex sem í dag standa voru byggð annars vegar á árunum 1930-1931 og hins vegar 1937-1939. Í flestum tilfellum hafa þau tekið við af torfbæjum, með styrk frá ríkinu og því verið mikil breyting á húsakosti, sjá mynd 13. Eldri húsin tvö, Háafell og Bakkakot bera staðbundin merki húsagerðar sem einnig hefur gætt víðar í dalnum, þar sem húsform og herbergjaskipan tekur mið af upphitun með eldavel sem miðstöðvarofn. Seinni húsin, Vatnshorn, Fitjar og Sarpur eru byggð um það leyti sem nýrra strauma fer að gæta í húsbyggingum til sveita.¹³ Húsin öll endurspegla þannig ákveðna þróun í áherslum þeirra sem ráðlögðu bændum við uppbyggingu nýrra húsa á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. Á þeim tíma var þróunin að færa sig frá þjóðlegri rómantík í anda torfbæjarins yfir í alþjóðlegri stíla. Sú saga er bæði áhugaverð og flókin, en unnið er að rannsóknum á þessu sviði sem vafalaust munu varpa betra ljósi á þessa sögu.

¹² Freysteinn Sigurðsson, 2004


¹³ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018.



Mynd 13. Gamli torfbærinn á bæjarhólnum í Vatnshorni árið 1937 þegar nústandandi íbúðarhús er í byggingu.

Bændasamfélagið var víkjandi á seinni hluta 20. aldar og Efstibær fór fyrstur bæjanna í eyði árið 1947. Svo fóru fjórar jarðir í eyði á sama áratug; Vatnshorn 1961, Bakkakot 1964, Háafell 1968 og Sarpur 1970. Í dag er aðeins heilsársbúseta á Fitjum og þar er ekki stundaður hefðbundinn búskapur heldur skógrækt og ferðaþjónusta. Í Háafelli er einnig búið hluta úr ári og húsinu vel við haldið¹⁴.

¹⁴ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018.



Mynd 14. Á Herfingjaráðskorti frá 1910 (samsett) sjást heimatún bæjanna sex; Háafells, Vatnshorns, Fitja, Bakkakots, Sarps og Efstabæjar, auk helstu þjóðleiða sem liggja um svæðið

2.3.2 Frístundabyggð og skógrækt

Upp úr 1960, um það leyti sem margar af jörðunum byrja að fara í eyði, hefst uppbygging sumarbústaða í landi Fitja í Fitjahlíð við veginn norðan Skorradalsvatns. Þessi sumarhúsabyggð er ein af elstu sumarhúsabyggðum landsins og þar er líflegt samfélag í dag¹⁵.



Mynd 15. Ungmennafélagar planta í Háafellsreit árið 1938 og konur í birkiskógi, myndir af vef Framdalsfélagsins.


Saga skógræktar í Skorradal er merkileg og hefur menningarlandslag dalsins tekið miklum stakkaskiptum frá því skógrækt hófst þar um miðja 20. öld. Skipulögð skógrækt hefur jafnframt verið leið til að nýta landið eftir að búskapur lagðist niður. Með skógræktinni hefur atvinna skapast, veðursæld aukist og fuglalíf orðið

fjölbreyttara. Mörk skógarins eru sérstaklega áhugaverð í þessu samhengi og segja sögu mismunandi áherslna í skógrækt í gegnum tíðina.



Mynd 16. Dæmi um mörk skógræktarsvæða

¹⁵ Hulda Guðmundsdóttir, munnleg heimild



Mynd 17. Yfirlitskort sem sýnir skógrækt, náttúrulegan birkiskóg og frístundabyggð í þessum hluta Framdalsins

2.3.3 Náttúrufar

Í Framdalnum er fjölbreytt vistkerfi. Fjölbreytt fuglalíf er á svæðinu og hluti þess er á náttúruminjaskrá. Gróðurkort af Framdalnum öllum má sjá á næstu síðu, á mynd 19. Þar sjást mýrarnar í óshólmum Fitjár, dreifingu lúpínu og helsta skóg-, gras- og mólendi.

Vatnshornsskógur er náttúruskógur og var friðaður sem friðland samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 árið 2009. Makmið friðlýsingarinnar er að framvinda skógarins fái að halda áfram án inngrípa þannig að með tímanum líkist skógurinn þeim skógum sem tóku á móti landnámsmönnum fyrir um 1140 árum. Vatnshornsskógur verður þannig ómetanleg uppspretta þekkingar á náttúrulegum birkiskógavistkerfum. Vatnshornsskógur er vöxtulegasti náttúrulegi birkiskógur á Vesturlandi með gömlum og stórvöxnum trjám í þéttum skógi. Á svæðinu er að finna sjaldgæfar gróðurtegundir, m.a. flétta eina sem ekki hefur fundist annars staðar á landinu, flókarkræðu. Skógarbotninn er gróskumikill og þar má finna burknabreiður sem er óvanalegt í íslenskum skógum en burknar eru meðal fyrstu plöntutegunda sem hverfa við teljandi beit.¹⁶

Tilkoma Andakílvirkjunar um miðja 20. öldina hefur haft áhrif á lífríki og búskap í Framdalnum þar sem vatnsyfirborð Skorradalsvatns hefur hækkað og hefur orðið sveiflukenndara ¹⁷.




Mynd 18. Ósar Fitjár eru mikilvægt búsvæði fjölbreytts vistkerfis

Votlendið og óshólmar Fitjaár eru meðal örfárra óraskaðra votlendissvæða á Vesturlandi og er talið hafa mikið verndargildi. Skógrækt og framræsting túna hefur ógnandi áhrif á votlendið auk þess að hækkað og sveiflukennt yfirborð Skorradalsvatns hefur haft slæm áhrif. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytni í gróðri til að styðja við viðkvæmt dýralíf og koma í veg fyrir að umgangur og ágangur raski þessu svæði¹⁸.

¹⁶ <http://www.skogur.is/thjodskogarnir/vesturland/nr/19>

¹⁷ Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson, 2011.

¹⁸ Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson, 2011.



Mynd 19. Hluti af gróðurlendakorti frá Náttúrufræðistofnun sem unnið var fyrir Skorradalshrepp

2.3.4 Samgöngur og fornar þjóðleiðir

Akvegir eru fernir til Skorradals. Einn liggur af Borgarfjarðarbraut rétt sunnan við brúna yfir Andakílsá, sunnan við ána og fram hjá Hreppsbæjum upp að vatnsendanum. Annar liggur af sama vegi rétt norðan við brúna og norðan við ána upp hjá Fossbæjum og einnig upp að vatnsendanum. Þeir eru þar tengdir saman yfir brýr á veituskurðinum til Andakílsárvirkjunar og á gamla árfarveginum. Þriðji vegurinn liggur sunnan frá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, yfir Ferstikluháls, Svínadal og Geldingardraga og mætir honum við vatnsendann. Fjórði vegurinn liggur norðan úr Lundarreykjadalismynni, frá veginum sunnan í dalnum og frá Borgarfjarðarbraut neðar, um Götuás og Hestháls að vatnsendanum, þar sem hann mætir veginum norðan Andakílsár. Þar af gatnamótunum er akvegur inn í Skorradal að norðanverðu inn að Fitjum¹⁹.

Frá Fitjum er ökuslóði suður yfir Fitjá, á brú, og út með vatninu að sunnan, þar sem hann kemur saman við veginn yfir Geldingardraga. Ökuslóði, línuvegur Landsvirkjunar, liggur frá slóðanum sunnan Fitjár og yfir hálsinn, niður í Grafardal og út hann á veginn um Geldingardraga rétt neðan við Dragháls. Annar línuvegur liggur frá Fitjum inn dalinn, uppúr honum norðan við Vörðufell og á Uxahryggjaveg á Dagvarðareyrum sunnan undir Þverfelli. Enn er línuvegarslóði, sem liggur af veginum sunnan Andakílsár uppi á hjallanum innan við Efrihrepp og yfir Heiðarskarð eða Miðfitjaskarð niður Leirárdal, fyrst vestan megin dals og svo austan megin, ofan í Leirársveit. Færð á línuvegum er háð viðhaldi²⁰.



Mynd 20. Malarvegur meðfram Skorradalavatni.

Til stendur að byggja veginn um Uxahryggi upp sem góðan ferðamannaveg en frá honum er torfær malarvegur að Fitjum. Í ljósi bætts Uxahryggjavegar er áhugavert að skoða hvort eigi að bæta aðgengið að Framdalnum en halda um leið yfirbragði friðsældar og kyrrðar þar sem fólk getur stundað margvíslega útivist og upplifað gamla tíma.

Helstu aksturs- og gönguleiðir á svæðinu taka mið af fornum þjóðleiðum sem liggja um svæðið og eru líka hluti af búsetusögu svæðisins. Merkja má sögu samgangna bæði fótgangandi og á hestum í landslagi dalsins. Enn má sjá hlykkjótt og mjóa vegarslóða, þar sem tekið er tillit til túna bænda en á öðrum stöðum eru leiðir horfnar sjónum. Ruddur vegur kom fyrst á svæðið eftir síðari heimsstyrjöld þegar sækja þurfti ameríska herflugvél sem nauðlenti á Fitjaengjum. Akvegir í Framdalnum eru


¹⁹ Freysteinn Sigurðsson, 2004

²⁰ Freysteinn Sigurðsson, 2004

enn í dag mjóir malarvegir sem eru á svipuðum stað og gömlu alfaraleiðirnar eftir endilöngu Skorradalavatni, þó að þær hafi líklega verið ennþá nær vatninu, við vatnsborðið.

Áhugaverðar eru þjóðleiðirnar sem tengdu Skorradal við aðliggjandi dali og lágu um Skorradalsháls og Botnsheiði. Þar á meðal eru þrjár þjóðleiðir; Síldarmannagötur, Krosshólagötur og Uxahryggjaleið sem voru mikilvægir samgönguásar í gegnum aldirnar. Einnig lágu leiðir um Langaás að Englandi í Lundarreykjadal, um Selgil að Tvívörðum uppi á Botnsheiði og Skúlafell eftir Grillirahryggi yfir í Botnsdal²¹.

Þegar Herföngjaráðskortið, sjá mynd 21 er skoðað sést hvernig þessar gönguleiðir hafa legið, en hluti þeirra er einnig skráður sem minjar í fornleifaskráningu²². Áhugavert er að lega leiðanna er óljósari þegar kemur að óshólum Fitjaár og ekki ljóst hvernig leiðirnar hafa legið á þeim slóðum. Heimildir og minjar eru um ýmis vöð við Fitjaá, þar á meðal svokallað Ferðamannavað, en lítil ummerki sjást um þau²³. Áhugavert er og mikilvægt að hafa í huga að ferðaleiðir eru ekki endilega ein föst lega í landslaginu og sýna kortaheimildir legu leiðar eitt augnablik í sögunni, en leiðir eru breytilegar og lega getur verið breytileg eftir tíð og tíma og breyst í tímanná rás.



Mynd 21. Herföngjaráðskort frá 1910 þar sem þjóðleiðir eru dregnar fram.

²¹ Freysteinn Sigurðsson, 2004

²² Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

²³ Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012



Mynd 22. Gömul brú sem liggur yfir Fitjá

2.3.4.1 Síldarmannagötur

Síldarmannagötur eru gömul þjóðleið úr Skorradal yfir Botnsheiði í Botnsdal í Hvalfirði. Varða fyrir ofan heimatúnið í Vatnshorni markar upphaf leiðarinnar frá Skorradal. Leiðin er talin draga nafn sitt af því að hún var farin í tengslum við síldarveiðar í Hvalfirði og kemur fram í Harðarsögu og Hólmverja. Leiðin tengist Skorradalsmegin áfram yfir dalinn frá Vatnshorni að Fitjum og áður fyrr hefur verið notað til þess Ferðamannavað svokallað sem liggur yfir Fitjá²⁴.

Vörður við Síldarmannagötu voru endurhlaðnar um aldamótin og er leiðin í dag vinsæl gönguleið. Leiðin liggur yfir Botnsheiði um holt og yfir mýrar um 12 km frá Vatnshorni í Hvalfjörð. Á leiðinni má m.a. sjá Tvívörður uppi á Botnsheiði sem eru

gamlar landamerkvörður, stór og mikil mannvirki með mikið varðveislu- og kynningargildi²⁵.

2.3.4.2 Krosshólagötur

Krosshólagötur eru forn samgönguleið sem lá frá Fitjum í Skorradal yfir að Snartarstöðum í Lundarreykjadal og áfram að Lundi. Leiðin liggur meðfram Skorradalavatni að Háafelli þar sem leiðin heldur áfram upp eftir malarhryggnum. Nærri leiðinni upp á hrygginn aðeins neðar í hlíðinni eru mannvistarleifar um mögulega selabyggð, sem hafa mikið rannsóknargildi²⁶.

Síldarmannagötur og Krosshólagötur eru báðar hluti af leið frá Bæ að Skálholti sem kölluð hefur verið íslenska pílágrímaleiðin eða Jakobsvegur Íslands.

2.3.4.3 Upp að Uxahryggjum

Gömul þjóðleið liggur upp eftur dalnum endilöngum upp að Eiríksvatni og þaðan áfram í austur að Uxahryggjum sem var algeng þjóðleið á Þingvöllum áður fyrr og tengdi saman Suðurland og Vesturland.

2.3.4.4 Minjar nærri öðrum leiðum

Á leiðinni eftir Selgili eða Löngugötugili upp að Tvívörðum sem hefur verið stikuð eru einnig áhugaverðar minjar sem hafa mikið kynningar- og varðveislugildi. Þetta eru Fitjasel og laugin svokölluð sem mynda skemmtilega minjaheild.

²⁴ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

²⁵ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

²⁶ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017


2.4 MINJAR Á HEIMATÚNUM

Mikið af fornminjum hafa fundist í framdali Skorradal og ástand þeirra telst nokkuð gott, en skráðar hafa verið 218 sýnilegar minjar af 370 í Framdalnum öllum. Þessu góða ástandi er þakkað því hversu margar jarðir fóru snemma í eyði. Nánar má lesa um minjar í Framdalnum í Aðalskráningu fornleifa á svæðinu²⁷.

Niðurstöður fornleifaskráningar sýna einnig skýrt að flestar fornleifar á svæðinu eru við heimatún eða bæi en fækkar eftir því sem fjær dregur. „Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð.“²⁸ Öll uppbygging á túnunum getur því raskað fornminjum auk þess sem skógrækt er talinn helsti áhættuþátturinn fyrir minjarnar²⁹.

Á heimatúnunum í Framdalnum er að finna leifar af útihúsum af ýmsum toga í ágætu ástandi. Það er áhugavert, ekki síst vegna þess að útihús eru að jafnaði sá minjaflokkur sem er í hvað verstu ástandi á jörðum, því oft eru yngri útihús byggð á sömu stöðum og þau sem fyrir voru. Á flestum túnunum voru skráðar einhverjar áhugaverðar útihúsatóftir. Þar á meðal margar athyglisverðar fornleifar sem vert er að vekja athygli á, s.s. nokkrar fjóstóftir í ágætu ástandi sem er fátítt³⁰.

Hér verður farið yfir helstu einkenni, mannvirki og fornminjar á heimatúni hvers bæjar fyrir sig sem falla undir verndarsvæðið. Fyrst á vestasta bænum, Háafelli og svo eftir röð til austurs að Efstabæ.



Mynd 23. Kort úr Aðalskráningu fornminja í Skorradal sem sýnir hvernig minjarnar eru þéttastar í og við gömlu heimatúnin.

²⁷ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

²⁸ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017, bls. 214

²⁹ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

³⁰ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

2.4.1 Háafell

Heimatún Háafellsbæjar er það nyrsta á verndarsvæðinu, staðsett norðan megin við Skorradalsvatn. Undirlendi þar er nánast ekkert og hlíðin há. Heilsársábúð á Háafelli lauk 1968 en landið er í dag enn nýtt til beitar.

Núverandi íbúðarhús var byggt 1930, á svipuðum stað og gamli bærinn hafði staðið. Þannig hefur sögulegt svipmót bæjarhólsins viðhaldist en á móti kemur að líklega hafa minjar undir hólnum eitthvað raskast við byggingu hússins. Íbúðarhúsið stendur þvert á hallann í hlíðinni með mænispaki sem snýr gafli út að veginum, sambyggðum skúrhúsum á hvorri langhlið og norðurendi þess er nokkuð grafinn niður. Húsið er bárujárnsklætt timburhús af sérstakri húsagerð sem er áberandi á svæðinu og talin sprottin af hitunarkerfi þar sem eldavél og miðstöðvarketill eru sameinuð. Önnur hús á Háafelli eru horfin sjónum, en þar var einnig bílskúr, vélarskemma og fjárhús norðan bæjarins frá miðri síðustu öld³¹.

Gamli þjóðvegurinn meðfram vatninu lá um hlaðið á bænum en var svo færður neðar. Um bæinn lá einnig gömul þjóðleið yfir í Lundarreykjadal, Krosshólagötur svokallaðar, sem minjar eru um í hlíðinni fyrir ofan bæinn.

Á Háafelli eru ýmsar fornminjar, missýnilegar, s.s. gömul lækningarlaug og brunnur. Auk þess eru ýmsar leifar af útihúsum, m.a. falleg tvískipt tóft sem var byggð upp við stæðilegan túngarð efst í túni. Gamli túngarðurinn í kringum heimatúnið sem sést á túnakorti frá 1918 er ennþá víða vel sýnilegur. Þar að auki eru í landi Háafells óljósar mannvistarleifar sem gætu hafa verið sel og hafa mikið rannsóknargildi fyrir sögu byggðarpróunar í Skorradal³².

³¹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018



Mynd 24. Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 er sett ofan á nýlega loftmynd, ljósmynd af minjum um túngarð úr fornleifaskráningu, teikning af íbúðarhúsi úr húsakönnun og ljósmynd af bæjarhlaðinu.

³² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2012

2.4.2 Vatnshorn

Vatnshorn er skammt suðaustan við vatnið, sunnan við Fitjá. Talverður náttúrulegur birkiskógur er utan og innan við túnið, en ofan við túnið er brött brekka. Túnin halla í norður og undirlendi er takmarkað þó að grundir og eyrar séu meðfram ánni. Jörðin er ein sú fyrsta til að komast í byggð í Framdalnum og líklegt þykir að allur dalbotninn hafi áður tilheyrt Vatnshorni. Vatnshorn fór í eyði árið 1961 en hefur verið notað sem beitiland og sumardvalastaður á ýmsum tímum.

Íbúðarhúsið stendur rétt neðan við gamla bæjarhólinn og er byggð árið 1937. Húsið er steinsteypt með kjallara og risi með mænispaki og ná steyptir kantar aðeins upp fyrir þakflötinn. Það var teiknað af Brynjólfi Guðmundssyni frá miðdal í Kjós og er dæmigert fyrir ákveðna húsagerð frá Teiknistofu landbúnaðarins. Húsið hefur nokkuð verið endurbætt á síðustu árum. Nærri íbúðarhúsinu er pakkhús úr timbri frá seinni hluta 19. aldar sem er friðað samkvæmt aldursákvæði og nýlega endurnýjað. Önnur hús á túninu eru fjárhús og hlaða frá 1955. Útihúsin í Vatnshorni eru merkilegar og fjölbreytilegar minjar s.s. leifar hesthúss, fjárhúsa, lambhúss, smiðju og hjalls. Einnig hafa fjölmargar aðrar minjar verið skráðar á jörðinni, s.s. réttir, túngarðar og brunnar. Norð austan við gamla bæjarhólinn er annar hóll, Smiðjuhóll svokallaður þar sem einnig eru merkilegar tóftir. Undir hólunum er líklega mikið af mannvistarlögum og fornleifum sem vert væri að rannsaka nánar. Heimild er um sverðfund í Vatnshorni þó ekki sé vitað hvar, bein hafa fundist í svokölluðum Inguhóli og sögur eru um að haugur Skorra sem nam Skorradal sé í Vantsholtslandi í Skorrahól. Rétt fyrir ofan heimatún Vatnshorns er einnig varða sem markar upphaf Síldarmannagötu³³.



Mynd 25. Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 er sett ofan á nýlega loftmynd, teikning af íbúðarhúsi úr húsakönnun og gömul ljósmynd af vef Framdalsfélagsins og pakkhúsið úr húsakönnun

³³ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018 og Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012

2.4.3 Fitjar

Fitjar eru gömul kirkjujörð sem líklega hefur byggst upp snemma eftir landnám ásamt Vatnshorni. Jörðin var nokkuð stór og áttu bændur skógarítak í Vatnshornshlíð og góð engjalönd auk mýra. Búsetu með hefðbundnum búskap lauk 1981 en skógarbúskapur hófst þar 1988 og þar er ennþá föst heilsársbúseta.

Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1939 eftir teikningu frá Þóri Baldvinssyni þáverandi forstöðumanni Teiknistofu landbúnaðarins í anda funkjónalisma sem voru nýjir straumar á þeim tíma. Húsið bar þess upphaflega sterk merki; ferningslaga með valmapaki og hornluggum en þakinu hefur síðan verið breytt. Kirkjan á Fitjum, sem byggð var 1897, er ein af fáum varðveittum bændakirkjum á landinu og hefur verið gerð upp á vandaðan hátt. Fitjakirkja er friðlýst samkvæmt lögum um menningarminjar og hefur mikið kynningar- og varðveislugildi. Gamli torfbærinn var norðvestan við Fitjakirkju, norðan við núverandi íbúðarhús og er bæjarhóllinn enn vel greinilegur.

Gamli bílvegurinn lá um hlaðið að bænum á milli bæjarhóls og núverandi íbúðarhúss, að kirkjunni og áfram til austurs. Í dag standa svo tvö önnur hús á bæjarhólnum sem vel er við haldið; vélageymsla frá 1974 sem er safnaðarheimili í dag og fjós og hlaða frá 1970, sem nú er gistihús. Bæjartóft, kálgarður og útihúsatóft sjást enn á bæjarstæðinu. Fjárhús og lambhús voru í jaðri heimatúnsins en eru í dag horfin. Á Fitjum er heimild um tvö hjáleigubýli sem hafa horfið sjónum. Nokkur trjárækt hefur verið í kringum húsin á bæjarhólnum³⁴.



Mynd 26. Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 sett ofan á nýlega loftmynd, svipmyndir af húsum úr húsakönnun og gömul ljósmynd af bæjarhlaðinu frá vef Framdalsfélagsins.

³⁴ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018 og Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

2.4.4 Bakkakot

Bakkakot er neðarlega í suðurhlíð Framdalsins. Undirlendi er takmarkað og landið hallar til norðurs. Bærinn byggist upp á seinni hluta 17. aldar, upphaflega sem hjáleiga frá Fitjum. Jörðin fór í eyði árið 1964, en síðan þá hefur talsverð skógrækt verið á jörðinni.

Nústandandi íbúðarhús er frá 1931 en það er í dag í niðurníðslu. Húsið stendur skammt norðan við eldra bæjarstæði og snýr göflum upp og niður eftir landhallanum í norður-suðurstefnu. Því svipar til hússins á Háafelli að gerð, með einkenni húsagerðar sem var áberandi á svæðinu og talin sprottin af ákveðnu hitunarkerfi, en er þó steinsteypt, ólíkt Háafellshúsinu. Það er ferhyrnt að grunnfleti auk sambyggðrar skúrbyggingar á austurgafli og ein hæð með kjallara og mænispaki.

Aðrar byggingar undir þaki sem standa í túninu eru; geymsluhús frá 1958, véla- og verkfæraskemma frá 1961 og hesthús frá miðri 20 öld. Þar að auki eru ýmsar fornminjar í heimatúninu; útihús, kálgarðar og réttir.

Ýmsar merkilegar minjar er að finna í túni Bakkakots. Yngsta íbúðarhúsið í Bakkakoti var byggt utan eldri bæjarhóls og það hefur hlíft minjum á bæjarhólnum talsvert. Þó hefur bygging fjárhúss, hlöðu og skemmu á bæjarhólnum eftir 1930 raskað honum eitthvað. Leifar þessara húsa sjást ennþá í dag en eru í mismunandi ástandi. Í austurjaðri túnsins er Bakkakotsrétt svokölluð sem var skilarétt fyrir svæðið³⁵



27 Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 er sett ofan á nýlega loftmynd, gömul mynd af vef Framdalsfélagsins og myndir af íbúðarhúsi og skemmu úr fornleifaskráningu.

³⁵ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018 og Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012

2.4.5 Sarpur

Bærinn Sarpur er austan við vatnið, norðanmegin í dalnum þar sem hann tekur að þrengjast. Sarps er getið í Laxdælusögu og í skjali frá 1397 en fer í eyði árið 1970 og er nú í eign skógræktarinnar.

Íbúðarhúsið var byggt árið 1938 um 170 m vestan við gamla bæinn, á hallalitlum stalli í landinu. Húsið er steinsteypt, ferningslaga með kjallara, geirarisi og tröppum að inngangi og kjallara. Útveggir eru einangraðir utanfrá og klæddir bárujárni, en voru hugsanlega upphaflega einangraðir að innan með torfi. Það er unnið eftir teikningu frá Nýbýlasjóði og er dæmigert hús teiknað af Þóri Baldvinssyni³⁶.

Á heimatúni Sarps eru ýmsar missýnilegar minjar um útihús af ýmsu tagi. Gamli bæjarhóllinn er á grasi gróinni hæð og bæjarlækur rennur fast vestan við bæjarhólinn. Neðan við bæinn eru leifar af kálgarði og merki um vegslóða. Engar framkvæmdir hafa verið á bæjarhólnum sem hafa getað raskað fornminjum en tré hafa verið gróðursett í hólinn sem skapa hættu fyrir minjarnar.

Heimildir eru um bænhus á Sarpi, ekki er vitað hvar, en talið er að það hafi verið á lágum hól við hlið bæjarhóls. Þar hafa síðan verið byggð útihús sem í dag eru horfin sjónum³⁷.



Mynd 28. Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 er sett ofan á nýlega loftmynd, gömul mynd af yngra bæjarstæðinu auk ljósmyndar frá Alta

³⁶ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018


³⁷ Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012

2.4.6 Efstibær

Efstibær var fremsti bær Framdalsins, innst í dalnum við óbyggðamörk þar sem undirlendi er lítið og dalurinn þröngur. Túnið er í norðanverðum dalnum í dálitlum halla og var Efstibær um tíma talinn ágætis bújörð. Búseta lagðist þar af árið 1947, fyrst bæja á verndarsvæðinu. Eftir að bærinn fór í eyði voru túnin fyrst nýtt frá Sarpi og eru í dag í eigu Skógræktar ríkisins og einkaaðila. Í dag eru túnin nýtt til beitar og þar hafa verið gróðursett tré, og ennþá meiri utan túna.

Engar byggingar standa eftir í Efstabæ, en bæjarhúsið hefur staðið vestast í húsabyrpingu á miðju túni. Árið 1919 eru 9 hús talin upp á heimatúninu. Síðasta íbúðarhúsið hefur verið einlyft, bárujárnsklætt timburhús með grjóthlöðnum kjallara, byggt 1902 og er grunnur hússins enn greinilegur. Talið er að eldri torfbær hafi staðið á svipuðum stað.

Ýmsar merkilegar fornminjar má finna á heimatúninu. Bæjarstæðið sjálft og tóftir húsabyrpingarinnar á svæðinu þykja merkilegar minjar auk útihúsa. Rétt innan við bæjartúnið er stæðileg réttartóft í skógarjórðri og neðan við túnin er þekktur þvottastaður þar sem ull var þvegin. Þar er einnig að finna dularfullan hól, Gunnuhól, þar sem sögur fara af því að Gunna nokkur hvíli, sem börnum var bannað að láta illa í kring um því að „Gunna gæti reiðst“³⁸.



Mynd 29. Kort úr fornleifaskráningu sem sýnir fornleifastaði og túnakort frá 1919 er sett ofan á nýlega loftmynd, gömul ljósmynd af bæjarhólnum af vef Framdalsfélagsins og ljósmynd úr fornleifaskráningu

³⁸ Elín Ósk Hreiðardóttir, 2012 og Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018

3 GREINING Á SVIPMÓTI BYGGÐAR

3.1 SVIPMÓT LANDSLAGS

Landslag Framdalsins er grunnforsenda þess hvernig byggð þróaðist í dalnum. Fjallahryggir afmarka rýmið til norðurs og suðurs og Skorradalsvatn þekur meginþorra dalsbotnins. Þessir þættir, auk skógarins sem hefur verið í dalnum frá örófi alda og árfarvegur Fitjá hefur haft áhrif á hvar og hvernig mögulegt var að stunda búskap. Á móti kemur að þessi afmörkuðu rými í Framdalnum skapa umlykingu og skjól sem eru lykilmáttur í svipmóti staðarins. Heimatúnin hafa nýtt það litla undirlendi sem boðist hefur og þar opnast rýmið upp og myndar heild sem var vettvangur búskapar í gegnum tíðina.



Mynd 30. Hér er afmörkun heimatúna á herforingjaráðskorti frá 1910 sett ofan á nýlega loftmynd af svæðinu innst í dalnum og sýnir hvað afmörkun túna hefur haldist svipuð síðustu öldina.

Mörk túna hafa haldist nokkuð svipuð í gegnum tíðina, allavega síðustu 100 árin sbr. fyrirbyggjandi túnakort og herforingjaráðskort. Leifar bæjarhóla sem byggst hafa upp á heimatúnunum í gegnum aldirnar geyma mörg lög af mannvistar sögu undir sverði og þessir hólar eru víða sýnilegir. Samspil hólanna við óvenjulega vel varðveittar minjar um búskap og líf og störf fólksins í gengum tíðina gera söguna sýnilega í landinu og skapa ómetanlegt tækifæri til rannsókna og fræðslu.



Mynd 31. Yfirlit yfir Framdalinn með Fitjar í forgrunni þar sem sést einnig yfir heimatún Bakkakots og Vatnshorn.

Minjar um leiðir eru einnig hluti af þessu sama svipmóti. Enn má sjá hlykkjóttu og mjóa vegarslóða, þar sem tekið er tillit til túna bænda, en ruddur vegur kemur fyrst inn á svæðið eftir síðari heimstyrjöld. Gamlar þjóðleiðir lifa líka ennþá, bæði sem fornminjar á sumum stöðum en á öðrum sem minning um leið sem varðveist hefur í heimildum.

Afmörkun rýmanna í Framdalnum með landslagi og skógi hefur einnig skapað frjóan jarðveg fyrir sumarhúsabyggð þegar búskapur í dalnum fór að halla undan fæti. Úr gróðurfari dalsins má einnig lesa þróun atvinnu- og búskaparháttanna í sveitinni, frá hefðbundnu búfjárhaldi yfir í skógrækt. Sunnan megin dalsins má greinilega sjá gamla tímann fyrir vélvæðingu, sem mætir svo nýja tímanum þar sem skógræktin tekur við í Bakkakoti. Að sama skapi eru skörp skil milli beitarsins í Háafelli og skógræktar á Stálpastöðum, hvorutveggja merki um þróun landbúnaðar og búsetu í dalnum.



Mynd 32. Horft yfir Fitjahlíð sem er umkringd skógi, hinum megin við ósa Fitjár sést Vatnhorn

Í dag er sumarbústaðabyggð áberandi einkenni Skorrdals, meðal annars í Fitjahlíð, en hún er jafnframt mótandi afl á svæðinu og hefur haft afgerandi áhrif á ásynd, gróðurfur, menningarlandslag og mannlíf. Annar áhrifaþáttur í þróun svipmóts

svæðisins er skógræktin á 20. öld og hinn náttúrulegi skógur sem verið hefur á svæðinu frá landnámi. Áhrifa skógræktar gætir að einhverju leyti á heimatúnunum þrátt fyrir að reynt hafi verið að hlífa þeim við stórfelldri skógrækt í nafni minjaverndar³⁹.



Mynd 33. Yfirsýn yfir heimatún Bakkakots þar sem útlínur túnanna sjást enn þó að nokkur skógrækt hafi einnig verið innan túns

Svipmót Framdalsins segir merkilega sögu, frá laufskógi fyrir 1000 árum og einum bólstað til nútíma blandskógar, eyðibýla og sumarhúsa. Skógrækt, vegleysur, brottflutningur íbúa og uppbygging Fitjahlíðarhverfisins hafa verið mótandi þættir í mótun þessa menningarlandslags. Heimatúnin í Framdalnum eru sérstök því þar hefur varðveist landbúnaðarlandslag sem víðast hvar hefur glatast í nútímanum og myndar heild sem verðugt er að vernda.

³⁹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018

3.2 SVIPMÓT BYGGINGA

Byggingarnar sem eftir standa í Framdalnum gefa yfirgripsmikla sýn á þróun húsagerðar til sveita á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Íbúðarhúsin eru alþýðuhús, nokkuð lágreist með kjallara og risi og láta lítið yfir sér án óparfa skrauts eða íburðar. Húsunum má skipta í þrjá hópa; timburhús frá því fyrir aldamótin 1900, íbúðarhús með staðbundin einkenni og svo steinsteipt hús frá stríðsárunum.

3.2.1 Timburhús frá því fyrir 1900

Elstu húsin á verndarsvæðinu eru pakkhúsið við Vatnshorn og Fitjakirkja. Bæði einfaldir timburbyggingar frá því fyrir aldamótin 1900 þegar meginþorri mannvirkja í sveitum voru úr torfi og grjóti. Pakkhúsið er norskt timbureingingahús og elsta húsið í Skorradalshreppi, líklega smíðað á níunda áratug nítjándu aldar. Fitjakirkja var byggð árið 1897, af Fitjabændum, og er ein af síðustu kirkjunum sem byggðar voru í fábreyttum turnlausum stíl og endurspeglar vel bændakirkjur frá þessum tíma. Kirkjan er friðlýst og hefur hátt kynningar og varðveislugildi.⁴⁰

3.2.2 Íbúðarhús með staðbundin einkenni

Elstu varðveittu íbúðarhúsin innan verndarsvæðisins eru á Háafelli, byggt 1930 og Bakkakoti, byggt 1931 og bera nokkur einkenni þjóðlegrar rómantíkur.

Bæði húsin dæmi um byggingarhefð sem var áberandi á svæðinu og skipulögð út frá því að eldavél væri notuð til upphitunar. Húsin eru annars vegar úr timbri

(Háafell) og steypu (Bakkakot) en eru svipuð af gerð; löng og mjó með mænisþaki, snúa gaffli fram á hlað og gengið er inn um skúrbyggingu á langhlið. Gamla íbúðarhúsið á Fitjum virðist hafa verið af áþekkri gerð.⁴¹ Leiða má líkur að því að þessi hús hafi verið hönnuð eða undir áhrifum frá Jóhanni Fr. Kristjánssyni, sem var áhrifamikill ráðgjafi í byggingarmálum til sveita á þessum tíma.

3.2.3 Steinsteypuhús frá stríðsárunum

Húsin á Vatnshorni, Fitjum og Sarpi eru dæmigerð fyrir hús byggð fyrir ríkisstyrki eftir teikningum frá Teiknistofu landbúnaðarins á árunum 1937-1939. Vatnshorn er elst þessara húsa, byggt 1937, hannað af Brynjólfi Guðmundssyni⁴² og ber ákveðin einkenni af einfaldri steinsteypuklassík.

Yngri húsin eru hinsvegar byggð eftir teikningum Þóris Baldvinssonar sem var starfsmaður Teiknistofu landbúnaðarins á þessum árum. Þórir vann þar brautryðjandaverk og innleiddi nýja strauma fúnkisstefnunnar sem var ný á Íslandi á þessum tíma. Þar var öllu skrauti hafnað, beinar línur og óbrottnir fletir voru einkennandi og hagkvæmni hússins lykilatriði. Upphaflega hefur íbúðarhúsið á Fitjum borið mun sterkari merki þessarar stefnu, með valmapaki og hornluggum, en þau einkenni hafa rýrnað við breytingar síðari tíma⁴³.

⁴⁰ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018 og Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

⁴¹ Húskönnun

⁴² Húsakönnun og saga byggingarlistar

⁴³ Húsakönnun og saga byggingarlistar

4 MAT Á VARÐVEISLUGILDI

Menningarminjar, fornleifar, hús og mannvirki eiga sinn þátt í að móta svipmót byggðar. Mat á varðveislugildi þeirra er því þáttur í því að meta varðveislugildi byggðarinnar í heild. Við gerð húsakönnunar fyrir Framdalinn var lagt mat á varðveislugildi húsa byggt á SAVE aðferðinni sem felst í að meta gildi út frá fimm þáttum, þ.e. listrænu gildi, menningarsögulegu gildi, umhverfislegu gildi, upprunalegu gildi og ástandi. Með skráningu fornleifa, sem er annað lykilskef í greiningunni, fæst mynd af þeim minjum sem eru sýnilegar og varðveislugildi þeirra metið. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum varðveislumatsins hér.

4.1.1 Byggingarlist, listrænt gildi

Húsin eiga það sameiginlegt að vera nokkuð lítil, einföld að gerð, byggð með hagsýni í huga og endurspegla þannig byggingarstíl alþýðufólks í sveitum.

Varðveislugildi stakra húsa úr húsakönnun má sjá á mynd 35. Íbúðarhús Háafells, Vatnshorns og Bakkakots auk Fitjakirkju og pakkhússins hafa hátt varðveislugildi. Íbúðarhúsin á Fitjum og Sarpi eru talin hafa miðlungs varðveislugildi.


Útihúsin á svæðinu sem eftir standa, eru af einfaldri gerð og hafa takmarkað gildi fyrir byggingarlist í sjálfu sér. Þau eru þó að mörgu leyti dæmigerð fyrir byggingarskeið sitt og hafa þó varðveislugildi sem hluti af stærra samhengi⁴⁴.

Sem heild ber húsaarfurinn á heimatúnunum áhugaverðan vitnisburð um þróun húsagerða til sveita og því er byggingarlistalegt gildi heildarinnar ríkara en stakra húsa fyrir sig. Gildi byggingarlistar telst því hátt.



Mynd 34. Teikning af Háafelli (efri mynd) og Vatnshorni (neðri mynd)

⁴⁴ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018



Mynd 35. Kortið sýnir yfirlit yfir mat á varðveislugildi húsa úr húsakönnun, auk staða með mikilvægar minjaheildir úr fornleifakönnun.

4.1.2 Menningarsögulegt gildi

Svipmót heimatúnanna, mörk þeirra og lega, þau hús sem þar standa og margvíslegar minjar sýna skýr ummerki þess hefðbundna búskaps sem þar hefur verið stundaður í gegnum tíðina. Samspil skógarins, árinna og túnanna endurspeglar jafnframt atvinnusögu og nýtingu landsins í stærra samhengi.

Fitjakirkja er friðlýst kirkja með hátt menningarsögulegt gildi sem sóknarkirkja svæðisins og mikilvæg í bændasamfélagi fyrri tíma. Pakkhúsið hefur sérstakt menningarsögulegt gildi þar sem fá dæmi eru til um sérstök smíðahús úr timbri frá þeim tíma sem það var byggt ⁴⁵. Íbúðarhúsin sem enn standa hafa einnig hátt menningarsögulegt gildi. Þau eru kennleiti hvers túns og miðdepill daglegra starfa. Saman segja íbúðarhúsin á heimatúnunum áhugaverða sögu um umbreytingu húsakosta í sveitum á 20. öld sem stundum er kölluð steinsteypuöldin í því samhengi.

Misjafnt er hvort að byggt hefur verið á bæjarhólum eða ekki. Á Háafelli, Fitjum og að nokkru leyti í Vatnshorni hefur íbúðarhúsið staðið á svipuðum stað í gegnum tíðina og þar með hefur menningarlandslag sem nær aftur í aldir haldið sér. Sömu sögu var að segja á Efstabæ, þar stendur ekkert hús eftir, en bæjarhóllin er talinn sérlega mikilvæg minjaheild. Í Bakkakoti og Sarpi var íbúðarhúsið byggt nokkuð utan við gamla bæjarhólinn, sem breytir þessu forna menningarlandslagi. Á móti kemur að bygging hússins á öðrum stað hefur líklega verndað minjar í hólum sem annars hefðu getað raskast ⁴⁶. Útihús, atvinnuhúsnæði bændasamfélagsins, skipta einnig máli fyrir menningarsögu staðarins. Það eykur jafnframt menningarsögulegt gildi þeirra á Fitjum hversu vel hefur tekist til við að breyta hlutverki húsanna í takt við

nýjar þarfir. Önnur útihús sem eru í slæmu standi skipta meira máli fyrir menningarsögulegt gildi heimatúnanna sem minjar. Ýmsar merkilegar minjar tengdar búskap eru á heimatúnunum, s.s. bæjarhólar, útihús, túngarðar, kálgarðar, réttir, kvíar, stekkir og sel ⁴⁷. Þessar minjar eru mikilvægur hluti af menningarsögulegu samhengi staðanna. Gamlar leiðir eru missýnilegar í landinu en bæta miklu við lestur menningarsögunnar úr landslaginu.

Húsabyrpingar, stök hús og minjar á heimatúnunum skapa heild sem hefur mikið menningarsögulegt gildi og er því metið hátt.



Mynd 36. Horft út yfir Skorradalsvatn frá heimatúni Vatnshorns. Mynd af vef Framdalsfélagsins.

⁴⁵ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018

⁴⁶ Kristborg Þórisdóttir, ritstj, 2017.

⁴⁷ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018

4.1.3 Umhverfisgildi

Umhverfi heimatúnanna mótast af samspili landslags dalsins, náttúrulegra þátta sem birtist í fjallasýn, skóginum, vatninu og ánni og svo manngerðra þátta sem birtist í landbúnaðarlandslagi, minjum og byggingum. Auk þess er samgöngusaga svæðisins mikilvægur hlekkur sem hægt er að kynnast þegar ferðast er eftir þjóðleiðunum sem tengja byggðina saman.

Fitjakirkja skiptir þarna miklu máli fyrir umhverfisgildi heildarinnar sem miðdepill sóknarinnar, þangað sem líkur má telja á að allar leiðir hafi legið áður fyrir.

Íbúðarhúsin sem eftir standa á heimatúnunum, auk bæjarhóla og annarra minja sem umkringd eru gömlum túnum mynda svo smærri umhverfisheildir innan hvers túns. Umhverfi heimatúnanna er allt í senn rótgróið og breytilegt í tímans rás. Mörk túna virðast hafa haldist nokkuð stöðug, allavega síðustu 100 árin og leifar af túngörðum sýna það sums staðar mjög vel. Á móti kemur að mörg húsanna hafa horfið sjónum í tímans rás og aðeins missýnilegar minjar um þau eru eftir. Þá hefur skógrækt á túnunum einnig breytt yfirbragði og útsýni á sumum túnunum.

Frá sjónarhorni minjaverndar er umhverfisgildi allra heimatúnanna mikið og miklir möguleikar til frekari rannsókna á því sem leynist undir sverði. Í fornleifaskráningu er bæjarhóllin á Efstabæ og heimatúnið allt á Vatnshorni dregið fram sem minjaheildir með sérstakt varðveislu- og kynningargildi⁴⁸.

Niðurstaða þessa varðveislumats er að byggðin hafi hátt umhverfisgildi.

4.1.4 Upprunalegt gildi

Bæði hús og minjar á heimatúnunum hafa haldist merkilega upprunaleg, allt frá því að hefðbundnum búskap á þeim lauk.

Íbúðarhúsið í Háafelli, Fitjakirkja og pakkhúsið hafa öll verið gerð upp á upprunalegan hátt og eru til fyrirmyndar hvað varðar verndun upprunalegs útlits. Upprunalegt gildi annarra bygginga sem eftir standa á svæðinu er einnig almennt hátt, að íbúðahúsinu á Fitjum undanskildu, sem hefur verið breytt. Þar vegur sennilega hátt sá þáttur að jarðirnar hafa verið lengi í eyði og endurspegla upprunalegt útlit því lítil hvati hefur verið til að breyta þeim.

Meiri hluti jarðanna lagðist í eyði áður en að bílvæðingin fór að ryðja sér rúms í Framdalnum. Þetta gerir það að verkum að gamlar götur og slóðar sem taka mið af forsendum hinna fótgangandi hafa fengið að haldast óhreyfðar í mörgum tilfellum. Þetta sést m.a. á því hvernig leiðir eru oft hlykkjótтар og taka mið af túnunum og ýmis vöð hafa verið notuð yfir Fitjá á mismunandi stöðum og tímum.

Niðurstaða þessa varðveislumats er að upprunalegt gildi telst hátt.

⁴⁸ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

4.1.5 Ástand

Óhætt er að fullyrða að ástand húsanna á heimatúnunum er mjög misjafnt, annað hvort í ökkla eða eyra. Nokkur dæmi eru á svæðinu um byggingar sem er mjög vel við haldið og til fyrirmyndar og þar ber fyrst að nefna Fitjakirkju og pakkhúsið sem bæði hafa sérstöðu vegna aldurs. Einnig er íbúðarhúsið í Háafelli og allar byggingar á bæjarhóli Fitja í mjög góðu standi, enda hefur þar verið áframhaldandi búseta með einhverjum hætti. Eyðijarðirnar fjórar eru einnig í misjöfnu standi. Íbúðarhúsið í Vatnshorni var illa farið en þar er nú staðið að umbótum. Íbúðarhúsin í Bakkakoti og Sarpur eru hinsvegar í mjög bágbornu ástandi og ljóst að stórfellt átak þarf til að bjarga þeim frá eyðileggingu⁴⁹. Ekkert hús er eftir í Efstabæ og aðeins grunnur síðasta íbúðarhússins sýnilegur.

Önnur útihús en þau á Fitjum hafa lágt varðveislugildi sem byggingar vegna lélegs ástands og jafnvel mælt með því í mörgum tilfellum að þökin verði tekin og tóftirnar látnar standa berar. Minjar á heimatúnunum eru almennt í góðu ástandi en sums staðar í hættu vegna skógræktar⁵⁰.

M.t.t. ástands byggðarinnar telst byggðin hafa miðlungs varðveislugildi.

4.1.6 Niðurstöður mats á varðveislugildi

Byggðin sem lögð er til að verði gerð að verndarsvæði í byggð telst hafa mikið varðveislugildi. Þegar litið er til allra fimm gildanna er það niðurstaða matsins að verndargildi heimatúnanna og þjóðleiðanna innan verndarsvæðisins liggur helst í byggingarlistarlegu-, menningarsögulegu-, umhverfislegu- og upprunalegu gildi.

Húsaarfurinn sem heild ber áhugaverðan vitnisburð um þróun húsagerða til sveita og því er byggingarlistalegt gildi hans hátt. Húsaþyrpingar, stök hús og minjar á heimatúnunum skapa heild sem hefur mikið menningarsögulegt gildi metið hátt og vegur þungt í matinu. Upprunalegt gildi er einnig hátt, en hús og minjar á heimatúnunum hafa haldist sérstaklega upprunaleg, allt frá því að hefðbundnum búskapi á þeim lauk. Gamlar götur og slóðar sem taka mið af forsendum hinna fótgangandi hafa fengið að haldast óhreyfðar í mörgum tilfellum og endurspeglar það í því hvernig leiðir eru oft hlykkjótta og taka mið af túnunum. Frá sjónarhorni minjaverndar er umhverfisgildi allra heimatúnanna einnig mikið.

Ástand húsanna á heimatúnunum og er misgott. Mikilvægt að hlúa að húsunum og minjunum til að varðveita þann einstaka vitnisburð sem þær bera um byggðasöguna á svæðinu og forða þeim frá frekari skemmdum. Það vegur því þungt að stór hluti byggðarinnar og minjar eru í mikilli hættu á að glatast ef ekkert er að gert.

Á svæðinu er safn húsa sem er vel varðveitt dæmi um fjölbreytni í húsagerð til sveita á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirra tuttugustu, samfara hröðum þjóðfélagsbreytingum. Í Framdalnum er tækifæri til að gera þessari sögu skil með varðveislu húsa og miðlun á gildi þeirra m.t.t. menningarsögu og fræðslu.


⁴⁹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018

⁵⁰ Kristborg Þórisdóttir, ritstj., 2017

Niðurstaða varðveislumatsins er að byggðin og þjóðleiðirnar sem tengja saman heimatúnin yfir hafa heildina hátt varðveislugildi.

4.2 VERNDARFLOKKAR INNAN VERNDARSVÆÐIS Í BYGGÐ

Niðurstöður varðveislumats eru þær að svipmót byggðar á heimatúnunum hafi miðlungs varðveislugildi. Fyrir áframhaldandi þróun og verndun svæðisins er nauðsynlegt að gefa eyðijörðum hlutverk sem samræmist varðveislugildi þeirra á grundvelli samþættrar verndunar. Uppdrættir í þessum kafla koma úr húsakönnun Framdalsins⁵¹ og sýna afmarkaða reiti verndarsvæðisins sem byggja á mörkum heimatúna, mannvirki innan þeirra og uppmældar fornminjar. Þar má jafnframt sjá flokkun mannvirkja eftir verndarflokkum ákvæða laga um menningarminjar. Lykilsvæði hvers heimatúna er jafnframt stækkað til að auka læsileika. Vegna stæðar svæðisins er niðurstöðum skipt niður á minni kort sem sýna heimatúnin frá vestri til austurs.




37 Háafell - Kort úr húsakönnun



⁵¹ Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2018




39 Vatnshorn - Kort úr húsakönnun



38 Fitjar - Kort úr húsakönnun



40 Bakkakot - Kort úr húsakönnun




41 Sarpur - Kort úr húsakönnun




Þessar niðurstöður eru svo dregnar saman á yfirlitskorti á næstu síðu, mynd 43 sem sýnir allt svæðið. Svo er kort sem sýnir samhengi og verndarrflokka verndarsvæðisins, sjá mynd 44.



42 Efstibær - Kort úr húsakönnun



Mynd 43. Kortið sýnir yfirlit yfir hús á verndarsvæðinu, efnivið og byggingarár og flokkun þeirra eftir verndarflokkum ákvæða laga um menningarminjar.



Mynd 44. Kortið sýnir varðveisluverðar heildir, mannvirki og gróft yfirlit yfir minjar á verndarsvæðinu, auk þess má sjá leiðbeinandi legu og stefnur þjóðleidda.

5 SKILMÁLAR UM VERNDUN OG UPPBYGGINGU

5.1 ÁHERSLUR VIÐ MÓTUN STEFNU

Við mótun verndarstefnunnar hefur verið lögð áhersla á að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í því að verndun og uppbygging haldist í hendur. Eins og kemur fram í leiðbeiningarriti Minjastofnunar Íslands þýðir verndun ekki að engu megi breyta í eldri byggð, heldur að breytingar innan verndarsvæðis skuli miða að því að styrkja þá þætti í byggðinni sem varðveislugildi hennar felst í. Þetta er kallað samþætt verndun.

Áhersla hefur verið lögð á að stefna og skilmálar miði að því að uppbyggingu verði haldið í lágmarki, en byggðin geti þróast sem lifandi byggð. Miðað verði að því að festa í sessi heimatúnin sem verndargildið felst í og gera gömlu húsunum hátt undir höfði. Endurgerð og nýting þeirra húsa sem enn eru standandi, eins og á Háafelli, Vatnshorni, Sarpi og Bakkakoti, hlýtur algeran forgang. Líf í húsunum er jafnframt talinn nauðsynlegur þáttur í verndun byggðarinnar. Uppbygging taki mið af svipmótinu sem lagt er upp með að vernda og fornminjum og aðlagist þeim þannig að rask sé sem minnst. Það sama á við um gróðurækt og nýtnun landsins

Samstaða var meðal hagsmunaaðila um að tækifæri felist í eflingu svæðisins sem útivistarsvæðis sem hefur skýra sérstöðu og um að festa frekar í sessi þjóðleiðir sem gönguleiðir. Uppbyggingin á svæðinu byggist fyrst og fremst á að svæðið þróist áfram sem einstakt útivistarsvæði með fræðslugildi og sem áfangastaður fyrir ferðamenn.

Sett er fram meginmarkmið sem lýsir framtíðarsýn fyrir uppbyggingu og vernd á verndarsvæðinu. Þar undir eru skilgreind tvö markmið sem snúa annars vegar að heimatúnum, byggingum og fornminjum og hins vegar markmið um ferðaleiðir og útivist. Fyrir markmiðin eru lagðar til leiðir sem geta verið áherslur til að fylgja eftir markmiði eða aðgerðir og/eða verkefni sem stuðla að framfylgd stefnunnar.

5.2 FRAMTÍÐARSÝN

Heimatúnin og þær fornu þjóðleiðir sem tengja þau saman verði kennslustofa um þróun byggðar og búskaparahátta, en um leið kyrrlátur áfangastaður fyrir útiveru.

5.3 MARKMIÐ UM HEIMATÚN, BYGGINGAR OG MINJAR

Vernda heimatún bæjarstæðanna og minjar sem bera vitnisburð um byggðasöguna á svæðinu. Vandað verði til viðhalds á húsum og minjum út frá varðveislugildi og hugað að því að viðhalda svipmótinu sem einkennir byggðina. Stuðlað verði að því að svæðið þróist sem lifandi svæði og einstakt svæði til fræðslu og útivistar.

Leiðir að markmiði:

- **Endurgerð og viðhald húsa**

- Endurgerð og viðhald húsa sem enn standa verði í forgangi í uppbyggingu á heimatúnunum.
- Stuðla að því að húsunum verði fundin ný hlutverk og þau gerð upp á grundvelli greiningarvinnu um þá nýtingarkosti sem kunna að vera í stöðunni.
- Skilgreindir sveigjanlegir skilmálar fyrir byggðina svo nýta megi húsinn sem best miðað við nútímaþarfir.

- **Vendun svipmóts og minja**

- Hugað verði að því að gömlu túnmörkunum verði haldið sýnilegum.
- Uppbygging verði í algeru lágmarki á heimatúnunum og taki mið af minjavernd.

- Allar viðbætur á túnunum skulu vera í samræmi við það svipmót sem einkennir svæðið og byggðina hvað varðar hlutföll, stærð, form, efnisval og litaval.
- Lögð áhersla á verndun minja á túnunum og hugað að framtíðarnýtingu þeirra.

- **Samspil við skógrækt**

- Vernda minjar á heimatúnunum og túnmörkin fyrir skógrækt og raski.
- Stuðla að samstarfi við Skógrækt Ríkisins um að hreinsa skóg sem leitað hefur inn á heimatúnin til að viðhalda upprunalegri ásýnd á túnunum. Í nálægð við heimatúnin verði áhersla á að nota lauftré sem raska ekki minjum.

5.5 MARKMIÐ UM FERÐALEIÐIR OG ÚTIVIST

Svæðið þróist áfram sem áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn sem vilja njóta kyrrðar og útivistar með hægum ferðamáta. Stuðla að því að uppbygging ferðapjónustu, byggt á sögunni og sérstöðu verndarsvæðisins, styrki ennfrekar svipmót staðarins.

Leiðir að markmiði:

- **Ferðaleiðir og áningarstaðir**
 - Stuðla að því að fornu þjóðleiðirnar festist í sessi sem útivistarleiðir og að þær skapi þjónustutækifæri á svæðinu.
 - Tryggja aðgengi að þjóðleiðunum og fræðslu um svæðið.
 - Kortleggja áhugaverðar leiðir á svæðinu, gera þær aðgengilegar og stuðla að miðlun þeirra. Skilgreina áfangarstaði á leiðunum þar sem hægt er að staldra við og kynnast sögu og sérkennum svæðisins.
 - Hlúa að minjum í nágrenni þjóðleiðanna.
- **Uppbygging innviða**
 - Stuðla að uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn með áherslu á nýtingu þeirra mannvirkja sem fyrir eru á staðnum, eins og kostur er.
 - Stuðla að góðum merkingum og fræðsluskiltum sem falla vel að umhverfinu.
- **Þróun áfangastaðar fyrir gesti**
 - Nýta stöðu svæðisins sem verndarsvæði í byggð í kynningu á svæðinu út á við og vinna að því að setja fram aðgengilegar upplýsingar um sérkenni og sögu svæðisins.

- Þróa áfram verkefni sem geta styrkt svæðið sem áfangastað fyrir ferðamenn í góðu samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Hvetja til samvinnu við nágrannasveitarfélög um uppbyggingu þeirra þjóðleiða sem stefnt er að því að efla þvert á sveitarfélög.

HEIMILDIR

Byggingar í sveitum. (1938, 24. desember). Tíminn bls.1.

Elín Ósk Hreiðardóttir (2012). *Í túninu heima - Skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni of Svaga í Skorradal*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Freysteinn Sigurðsson (2004). *Árbók Ferðafélagsins 2004 - Borgarfjarðahérað milli Mýra og Hafnarfjalla*. Ferðafélag Íslands.

Generalstabens topografiske kort (1911). „Herforingaráðskort“ 36 NV. Botnsheiði - Skarðsheiði. Kaupmannahöfn.

Generalstabens topografiske kort (1911). „Herforingaráðskort“ 36 NA. Botnsheiði - Ok. Kaupmannahöfn.

Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson (2011). *Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal*. Endurskoðað gróðurkort frá 2011. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017). *Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands - Verndarsvæði í byggð - Tillaga og greinargerð*. Minjastofnun Íslands.

Hjörleifur Stefánsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2018). *Húsakönnun í Framdal Skorradals - Verndarsvæði í byggð*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands og Gullinsnið ehf. Reykjavík.

Hörður Ágústsson (2000). Íslensk byggingararfleið I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Kristborg Þórisdóttir, ritstj. (2017). *Aðalskráning Fornminjar í Skorradal: Framdalur*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands (á.á.). *Kortasjá LMÍ – Atlaskort*. Sótt 30.11.2018 af: <http://kortasja.lmi.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands (á.á.). *Gróðurlendakort af Skorradal*.

Skorradalshreppur (2012). *Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022*. Skorradalshreppur.